



# Triumph kynning!

Guðrún Stefánsdóttir frá Triumph umboðinu verður með kynningu á Triumph undirfatnaði laugardaginn 6. desember frá kl. 13:00-16:00

**KRISMA**  
Ljóninu Skeiði  
4414

**SÓLBAÐSTOFAN**  
**HJÁ JÓNU**

*Er búin að taka upp nýjar sendingar af náttkjólum, náttfötum, nærfötum og fleira. Tilvalið til gjafa...  
...eru ekki líka að koma jól?  
Einnig tek ég að mér að leiðbeina um föðrun.  
Kjörið tækifæri fyrir saumaklúbba og aðra hópa.*

**Komið, lítið inn, fáið kaffi og farið kaffibrún út!**

**Jólaskapið er skolið á hjá Jónu**  
Opíð alla virka daga frá kl. 11-13 og 16-21.  
Laugardaga frá kl. 13-18.



Kór Ísafjarðarkirkju og Sunnukórinn eru meðal þeirra sem fram koma á Aðventuhátíð í Ísafjarðarkirkju á sunnudaginn.

## Ísafjörður

### Aðventuhátíð á sunnudag

Aðventuhátíð verður í Ísafjarðarkirkju n.k. sunnudagskvöld kl. 20:30. Kór Ísafjarðarkirkju og Sunnukórinn syngja undir stjórn Margrétar Geirsdóttur. Undirleik annast Sigríður Ragnarsdóttir og Hulda Bragadóttir. Gunnar Kvaran, sellóleikari, mun einnig leika með kórnum, auk þess sem hann flytur einleikssvítu eftir J. S. Bach.

Guðrún Jónsdóttir, sópran-söngkona, mun syngja og kvartettinn „Vestan fjögur“ frá Flateyri, flytur nokkur létt jólalög. Kristján Freyr Halldórsson les upp.



## Sýslumaðurinn á Ísafirði

### Uppboð á lausafjármunum

Eftirtaldar bifreiðir og annað lausafé verður boðið upp við gömlu lögreglustöðina, Fjarðarstræti, Ísafirði, laugardaginn 13. desember 1997, kl. 14:00.

Bifreiðir:

ID-326, RI-085, IS-783, GP-606, JL-518, HN-847, HY-524, tjaldvagn YM-171.

Veiðarfæri, 60 bjóð, veiðarfæri og ílát staðsett í beitingaskúr Snæfells Flateyri. Tölva teg. Jet 486 dx2, einnig ýmsir munir í vörslu tollvarðarins á Ísafirði.

Uppboðið á sér stað eftir kröfu Sýslumannsins á Ísafirði og ýmissa lögmanna. Vænta má að greiðslu verði krafist við hamarshögg.

2. desember 1997,

Sýslumaðurinn á Ísafirði  
Guðrún Hólmsteinsdóttir ftr.

## Hver þekkir manninn?

Þessi ómerkta ljósmynd frá Birni Pálssyni ljósmyndara á Ísafirði er talin vera af Jónasi Jónssyni fæddum 10.09 1871 í Skálmardal. Hann dó á St. Jósefsspítala árið 1905 og er þá sagður vinnumaður frá Svínanesi. Foreldrar hans voru þau Jón Jónsson (varð úti á

Skálmardalsheiði árið 1880) og Björg Guðmundsdóttir frá Skálanesi. Enginn Jónas Jónsson finnst í skráum Björns Pálssonar. Ef þú, lesandi góður, kannast við manninn þá vinsamlegast hafðu samband við Skjalasafnið á Ísafirði í síma 456-3936 eða 456-3296.



### Bolungarvík

## Drymludagur

Laugardaginn 6. desember nk., verður opnuð sýning á handunnum munum tréskurðarfólks í Drymluhúsinu í Bolungarvík.

Opíð er alla virka daga frá kl. 14-18 og laugardaga frá kl. 14-17 fram að jóluum. Smákökur og heitt á könnunni! Lökkupakkar og margt fleira.

### Ísafjörður

## Torgsala

Hin árlega jólatorgsala styrktarsjóðs húsbyggingar Tónlistarskóla Ísafjarðar verður haldin nk., laugardag 6. desember á Silfurtorgi og hefst kl. 15.

Líkt og undanfarin ár verður mikið úrval muna til sölu auk þess sem boðið verður upp á heitt kakó. Íbúar Ísafjarðar og nágrennis eru hvattir til að mæta.

### Styrktarsjóður húsbyggingar Tónlistarskólans

## Jóla kortin komin í sölu

Styrktarsjóður húsbyggingar Tónlistarskóla Ísafjarðar hefur eins og undanfarin ár gefið út jóla kort til fjárflyunar fyrir sjóðinn.

Á kortinu er mynd af fögru málverki eftir Jón Hróbjartsson og er myndefnið Ísafjörður í lok fjórða áratugarins.

Jón Hróbjartsson (1877-

1946) var kennari á Ísafirði um langt árabil og kenndi einkum söng, teikningu og íslensku við miklar vinsældir. Hann var mikilvirkur málari, ferðaðist um landið vítt og breitt, einkum um Vestfirði og teiknaði og málaði fjöldann allan af myndum, oft eftir pöntun. Myndir hans voru

mjög víða til á vestfirskum heimilum og eru ómetanlegar heimildir um samtíma sinn.

Jóla kortin eru til sölu í Bókaverslun Jónasar Tómassonar og á skrifstofu Tónlistarskólans (s. 456 3926), auk þess sem nemendur skólans hafa gengið með þau í hús.



# *Fyrst og fremst í fjármálum*

## **VESTFIRÐINGAR**

Fulltrúi okkar Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, verður í Sparisjóði Súðavíkur á  
Ísafirði, miðvikudaginn 10. desember frá kl. 13:00 - 16:00  
og á fimmtudaginn 11. des. frá kl. 09:00 - 12:00.

Komið við og kynnið ykkur málin.




**KAUPÞING**  
NORÐURLANDS HF

Löggilt verðbréfafyrirtæki

Kaupvangsstræti 4, Akureyri • Sími 462 4700 • Fax 461 1235

# Tilvalin jólagjöf!



Kynning á Majorica perlum í Gullauga föstudaginn 5. desember frá kl. 11:00

## Gullauga

Dýrfinna Torfadóttir gullsmiðameistari  
Ástþór Helgason gullsmiður  
Fjola Þorkelsdóttir nemi

# Ómissandi áhald í frumskógi fjöltengja og jólaljósa


Raffangamælirinn. Segir þér hvort perur eru í lagi, hvort bilun er í fjöltengi, adventuljósi eða öðrum ljósum og snúrum. Mælir spansvið og orkugeislun í kringum heimilistæki. Kannar hve langt örbylgjugeislun nær út frá örbylgjuofninum. Það kostar ekki mikið að prófa þetta ágæta áhald.

Verð kr. 590.-

Jóladiskar, tertudiskar, ostadiskar, stálföt, úr, klukkur, skartgripir  
Glæsilegt úrval af góðri gjafavöru á verði sem hentar öllum

Verð á bilinu 690.- til 3.000 kr.

Þú þarft ekki að leita lengra þegar gjafavara er annars vegar



# straumur

Silfurgötu 5 Ísafirði Sími 456 3321



Pantanasíminn er 456 3367



## TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☑ 456 4547



### Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

#### Einbýlishús / raðhús

**Hafraholt 10:** 144,4m<sup>2</sup> enda raðhús á tveimur hæðum ásamt 22,4m<sup>2</sup> bílskúr. Verð: 9.300.000,-  
**Hafraholt 14:** 144,4m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum ásamt 22,4m<sup>2</sup> bílskúr. Verð: 8.900.000,-  
**Hlíðarvegur 38:** 183,2m<sup>2</sup> raðhús á þremur hæðum. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 9.500.000,-  
**Hlíðarvegur 43:** 186m<sup>2</sup> raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 9.400.000,-  
**Hlíðarvegur 48:** 146,4m<sup>2</sup> einbýlishús á þremur pöllum, mjög fallegt útsýni. Verð: 6.500.000,-  
**Hjallavegur 19:** 242m<sup>2</sup> einbýlishús á

tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 11.500.000,-  
**Lyngholt 8:** 138m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt 31m<sup>2</sup> bílskúr. Nýtt parkett ný málað. Skipti á eign í Hafnarfirði. Verð: 10.800.000,-  
**Miðtún 31:** 190m<sup>2</sup> enda raðhús í norðurenda á tveimur hæðum. Tilboð óskast.  
**Mjallargata 8:** 117,8m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Laust strax. Verð: 7.400.000,-  
**Móholt 9:** 152,4 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Laust fljótlega. Skipti möguleg. Verð: 11.900.000,-  
**Seljalandsvegur 48:** 188m<sup>2</sup> einbýlishús á þremur pöllum ásamt bílskúr.



**Fjarðarstræti 33:** 176,5m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum. Góður garður. Verð: 8.500.000,-



**Tangagata 6a:** 99,7m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er laust. Öll tilboð skoðuð. Verð: 6.800.000,-

Gott útsýni. Skipti á ódýrari eign. Verð: 12.700.000,-  
**Silfurgata 9:** 150m<sup>2</sup> einbýlishús (4ra herb.) ásamt geymslu, kjallara og skúr. Nýmálað. Góð kjör í boði. Verð: 7.800.000,-  
**Skipagata 11:** 78,4m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt eignarlóð. Öll tilboð skoðuð. Verð: 4.500.000,-  
**Sólgata 7:** 100m<sup>2</sup> einbýlishús endurnýjað að hluta. Barnavænn garður. Kjallari ca. 50m<sup>2</sup>. Verð: 7.000.000,-  
**Sunnuholt 6:** 231,7m<sup>2</sup> rúmgott einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 13.500.000,-  
**Urðarvegur 13:** 85m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. Verð: 5.500.000,-  
**Urðarvegur 26:** 236,9m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Tilboð óskast.  
**Urðarvegur 27:** 190,5m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Stór sólpallur og ræktuð lóð. Verð: 13.500.000,-  
**Urðarvegur 58:** 209m<sup>2</sup> raðhús á 3 pöllum ásamt innbyggðum bílskúr. Góð kjör. Öll tilboð skoðuð. Verð: 11.900.000,-

#### 4-6 herbergja íbúðir

**Engjavegur 21:** 132,2m<sup>2</sup> 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-  
**Engjavegur 31:** 92,1m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikið uppgerð. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 6.900.000,-

**Túngata 12:** 99m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti möguleg. Verð: 7.900.000,-  
**Túngata 18:** 89,2m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð í góðu standi á 3ju hæð í fjölbýlishúsi. Húsið allt uppgerð. Möguleg skipti á minni eign. Verð: 6.900.000,-

#### 3ja herbergja íbúðir

**Brunngata 12a:** 68m<sup>2</sup> íbúð á efri hæð að hluta undir risi, í tvíbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 3.000.000,-  
**Engjavegur 17:** 61,7m<sup>2</sup> íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Sér inngangur. Íbúðin er öll nýmálað. Verð: 4.600.000,-  
**Pólgata 6:** 52m<sup>2</sup> risibúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt geymslu í kjallara. Mikið endurnýjað. Verð: 3.900.000,-  
**Seljalandsvegur 67:** 107m<sup>2</sup> íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 6.000.000,-  
**Stórholt 7:** 76m<sup>2</sup> íbúð á þriðju hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-  
**Stórholt 7:** 74,6m<sup>2</sup> íbúð á fyrstu hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-  
**Stórholt 9:** 74,6m<sup>2</sup> íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-  
**Túngata 20:** 74,9m<sup>2</sup> uppgerð íbúð í fjölbýlishúsi. Laus fljótlega. Tilboð óskast.  
**Urðarvegur 78:** 99,1m<sup>2</sup> íbúð í mjög góðu standi á 2. hæð til vinstri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 7.000.000,-

#### 2ja herbergja íbúðir

**Grundargata 2:** 50,5m<sup>2</sup> íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 3.800.000,-  
**Sundstræti 24:** 69m<sup>2</sup> íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi. Sér hiti, rafmagn og inngangur. Mikið uppgerð. Verð: 4.900.000,-  
**Túngata 12:** 62m<sup>2</sup> íbúð í kjallara í þríbýlishúsi. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 3.900.000,-  
**Túngata 20:** 53,4m<sup>2</sup> íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi í góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan. Verð: 5.400.000,-  
**Túngata 20:** 53,4m<sup>2</sup> íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi í góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan. Verð: 4.500.000,-  
**Urðarvegur 78:** 73,2m<sup>2</sup> íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 5.400.000,-  
**Hlífl II:** 62,5m<sup>2</sup> íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 6.600.000,-

#### Skrifstofuhúsnæði

**Austurvegur 1:** 96m<sup>2</sup> skrifstofuhúsnæði á þriðju hæð. Fallegt útsýni. Laust um áramót. Verð: 5.500.000,-



**Fjarðarstræti 13:** 80m<sup>2</sup> íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Aukaherbergi í kjallara og annað í risi. Verð: 5.700.000,-

# SIEMENS

# jól

**Siemens**  
GSM-símar  
S-4 „Power“ kr. 44.388.-  
10 tíma tal á rafhlöðu  
S-6 kr. 29.830.-  
6 tíma tal á rafhlöðu

**Siemens**  
símar með  
og án símsvara  
frá kr. 3.570.-

**Siemens**  
ryksugur 1300w  
kr. 12.920.- stgr.

**Siemens**  
þráðlaus sími  
„einn sá besti“  
aðeins kr. 19.900.- stgr.

**Siemens**  
handþeytari  
kr. 2.990.-


**Siemens**  
útvarpsveklarar

**Siemens**  
samlokugrill  
-Þú stenst það ekki-  
kr. 3.990.-

**Siemens**  
hrærivélar með öllu  
kr. 18.620.- stgr.

**Siemens**  
kaffivélar  
frá kr. 3.980.-

**Siemens**  
vöflujárn  
-nammi namm  
kr. 5.900.-



**Siemens**  
eldunartæki  
gæði og glæsileiki fyrir þá sem gera kröfur



**Siemens**  
uppvottavélar  
frá kr. 66.310.-  
Ómissandi  
eldhúshjálp

**Siemens**  
örbylgjuofnar  
frá kr. 20.805.-

**Siemens**  
þvottavélar 800 sn.  
kr. 56.810.-

**Siemens**  
þurrkarar  
kr. 36.575.-

**Siemens**  
kæli- og frystitæki  
Traustir gæðagripir  
í öllum stærðum  
og gerðum

Komdu og  
skoðuðu  
úrvalið  
í eldunar-  
tækjunum

Vísa og Euro  
raðgreiðslur  
við allra hæfi

**Siemens**  
þýsk  
gæði  
sem  
endast

**Playstation** tölvun frá bæra kr. 16.990.- og fullt af  
frábærum leikjum. Einnig **PC**, **MAC** og **SEGA** leikir  
í úrvali. Ath! Nýjasti íslenski tölvuleikurinn

„Stafakarlarinn“ er kominn.

**Jólaseriur** í ótrúlegu úrvali og á hlægilegu verði.  
Nýtt! „Ljósaslöngur“ 1-100 metrar. Þú ákvarðar  
lengd og líti. Við setjum þær saman fyrir þig.  
Ný frá bær lausn á útiskreytingum.

„Jólaýsing án takmarka“

Opið laugardaginn 6. des. kl. 10-16



PÓLLINN HF.

Sími í verslun 456 4594

**PÓLLINN HF.**  
AÐALSTRÆTI 9 – ÍSAFIRÐI – SÍMI 456 3092

## Útgefandi:

H-prent ehf.  
Sólögðu 9,  
400 Ísafjörður  
☎ 456 4560  
☐ 456 4564

## Stafræn útgáfa:

<http://www.snerpa.is/bb>

## Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson  
Halldór Sveinbjörnsson

## Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

## Netfang:

[hprent@snerpa.is](mailto:hprent@snerpa.is)

## Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

## Nú verður að slíðra sverðin

Í leiðaraskrifum BB um málefni grunnskólans hefur verið lögð áhersla á þá

### Leiðari

ábyrgð, sem bæjarfulltrúar einir axla þegar upp er staðið. Um rétt bæjarfulltrúa til ákvarðanatöku, hvað sem faglegum ráðum eða flokkssambykktum líður, verður ekki deilt. Þetta er mikið vald og vandmeðfarið. Nú er komið í ljós að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar upp til hópa féll á prófinu í grunnskólamálinu. Valdið ýtti verkhyggindum út af borðinu.

Skjóttræðisleg ákvörðun sexmenninganna um að sópa Norðurtanganum út af borðinu kvöldið fyrir borgarafundinn er engu betri en flumbrugangurinn hjá fyrrum meirihluta í þessu máli og með öllu óskiljanleg. Hvað sem afstöðu bæjarfulltrúanna leið, bar þeim skylda til að halda málinu opnu fram yfir borgarafundinn. Allt annað var óvirðing við bæjarbúa. Hvers vegna gerðu þeir það ekki?

Dramatískur endir meirihluta Alþýðu- og Sjálfstæðisflokks er í takt við þau fálmkennu vinnubrögð, sem einkennt hafa málið allt. Yfirlýsingar oddvita flokkanna í lok bæjarstjórnarfundarins um þverpólitískt landslag grunnskólamálsins og áframhaldandi meirihlutasamstarf þrátt fyrir allt, ber vott um fljótfærni og reynsluleysi. Veðrabrigðin daginn eftir þegar þverpólitísk morgunskíma breyttist í myrkur valdniðslu er á daginn leið komu ekki á óvart.

Á blaðamannafundinum var upplýst að reikna mætti með að samþykkt tillögu sexmenninganna hefði „í för með sér a.m.k. 500 milljóna króna skuldaaukningu bæjarjós á þremur árum“. Hvað hefði „Hitt húsið“ komið til með að kosta og hvað hefði það aukið skuldastöðu bæjarjós, þegar upp var staðið? Áróðursstríðið milli fylkinganna í bæjarstjórninni dylst ekki.

„Ég ætla ekki að blanda mér inn í þær deilur sem uppi hafa verið, en ég vona innilega að það takist sátt um góða lausn. Ákveðnar línur hafa verið lagðar og framtíðin verður að skera úr um það hvernig þessum málum verður háttað, en það er mjög mikilvægt að ekki verði gripið til bráðabirgðalausna sem verða til frambúðar,“ sagði Kristinn Breiðfjörð, skólastjóri á borgarafundinum og bent á nærtæk víti til varnaðar.

Eftir átökin í bæjarstjórninni kann sú víðtæka sátt og samstaða sem þarf að nást í grunnskólamálinu að vera í hættu. Þeirri vó verður að bægja frá. Það gerist ekki nema menn slíðri sverðin.

Til þess verða bæjarfulltrúar að hafa manndóm. Framtíð grunnskólans er að veði.

s.h.



Sigurður R. Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Jónas Ólafsson voru að sjálfsögðu á borgarafundinum, en þau eru í nýjum meirihluta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

## Borgarafundur um húsnæðismál Grunnskóla Ísafjarða

# Sexmenningarnir gagnvaldniðslu og óvönduð

Ísfirðingar fylltu fundarsal Stjórnsýsluhússins á Ísafirði á fimmtudagskvöld þar sem fram fór almennur kynningarfundur um húsnæðismál Grunnskóla Ísafjarða. Hjá fundargestum kom fram mikil gagnrýni á þá sex bæjarfulltrúa sem nú hafa myndað nýjan meirihluta, fyrir að hafa knúið fram samþykkt um að Norðurtangalausninni svaðkölluðu yrði hafnað á aukaráði, þar eru Þorsteinn og Magnea fulltrúar. Það var kynnt þar að til stæði að halda þennan fund, en þau létu ekki svo lítið að láta mig eða Jónas vita.“

### Fundurinn baulaði á Kolbrúnu

Kolbrún Halldórsdóttir, einn sexmenninganna, vísaði því á bug að um valdniðslu væri að ræða og fullyrti að hún hefði ekki fengið að vita um fyrirhugaðan borgarafund

fyrir en á bæjarstjórnarfundinum kvöldið áður. Þessi fullyrðing vakti upp hörð viðbrögð fundargesta sem bauluðu á Kolbrúnu. „Hvar var fundurinn auglýstur, ef ég má spyrja? Það var engin tilkynning um það í pósthólfinu mínu í gærmorgun, það var ekki komin nein kynning um þennan borgarafund til mín. Þið getið úað, en þetta er staðreynd. Ég á ekki sæti í bæjarbæjarstjórnarfundum, daginn áður en kynna átti bæjarbúum niðurstöður starfshóps um mögulegar lausnir. Túlkuðu margir fundargestir þennan starfsmáta sem vanvirðingu við íbúa og töldu ákvörðun sexmenninganna, fljótfærnislega og bera vott um ófagleg vinnubrögð og valdniðslu.

Fundargestir óskuðu eftir því að hinn nýi meirihluti gerði grein fyrir tillögum sínum í húsnæðismálum og greindi Kolbrún frá því að leitad yrði eftir leiguhúsnæði til bráðabirgða til að mæta þeim skorti á kennsluhúsnæði sem fyrirsjáanlegur er á næsta ári, þar til nýbygging verði tekin í notkun. Jafnframt yrði könnuð hagkvæmni þess að byggja skólahúsnæði við Skólagötu og Austurveg og uppfylla lóðamál skólans með upp-

kaupum nálægra húsa. Kolbrún sagði að ef í ljós kæmi að framangreindar lausnir reyndust ófærar yrði starfsþópi falið að hefja viðræður við forystu ÍBÍ um flutning á knattspyrnuvöllunum á Torfnesi á nýtt svæði í Tungudal og að gert yrði ráð fyrir skólabyggingu þar. Framkvæmd yrði samkeppni um alútbod á skólabyggingu og stefnt að því að húsnæðið yrði tilbúið skólaárið 2000-2001. Þessum framkvæmdum yrði mætt með framlögum úr bæjarjós og lántökum, þar sem leitað yrði tilboða í fjármögnun heildarkostnaðar framkvæmdanna.

„Ég hef gengt bæjarfulltrúastarfi mínu frá árinu 1990 samkvæmt sannfæringu minni og með hagsmuni sveitarfélagsins í huga. Það hefur ekki verið á valdi fulltrúaráðs eða annarra að taka ákvarðanir fyrir mína hönd, þar tek ég sjálf og ber ábyrgð á samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Það er ykkar, kjósendanna, að velja og hafna frambjóðendum til starfa á vegum sveitarfélagsins. Þið munið vænt-

anlega gera það um komandi kosningar. Það er svo eitt í lokin. Mér fannst það skjóta svolítið skökku við, að það sem var þverpólitískt í morgun var orðin valdniðsla um miðjan dag í dag,“ sagði Kolbrún Halldórsdóttir.

### Sorgarsaga húsnæðismála Grunnskólans

Kristinn Breiðfjörð, skólastjóri Grunnskóla Ísafjarða, sagðist líta á sig sem aðkomumann sem þekkti kannski ekki vel söguna. „Þó er mér fullljóst, eftir að hafa starfað hér í tvö ár, að vinnuástaða nemenda og kennara er alls ekki boðleg. Þess er krafist að allir skólar verði einsetnir, að öll aðstaða í skólum verði bætt og að vinnudagur nemenda verði heilstæður. Þær forsendur sem starfshópur um húsnæðismálin gekk út frá, voru um þessi rök. Það hefur stundum verið spurt um það hvers vegna húsnæðisþörfin er svo mikil allt í einu núna og af hverju ekki er hægt að reka skóla eins og áður var. Einsetning skólanna er fram kom-

## Ísafjörður

### Bátasýning í Slunkaríki

Á laugardag verður hin árlega jólasýning opnuð í Slunkaríki á Ísafirði. Að þessu sinni verða sýndir bátar af ýmsum stærðum og gerðum, s.s. úr timbri, leir, gler og málmum. Flestir bátanna eru til sölu. Sýningin verður opin fimmtudaga til sunnudaga kl. 16-18 og stendur til 24. desember. Allir eru velkomnir við opnunina.

## Flateyri

### Árlegur jólabasar

Hinn árlegi jólabasar félaganna í Önundarfirði verður haldinn sunnudaginn 7. desember nk., í félagsheimilinu á Flateyri. Þar verður að vanda mikið um að vera, m.a. munu börn úr Tónlistarskóla Önundarfjarða syngja, auk þess sem boðið verður upp á ýmsan varning, s.s. hveitikökur, smákökur og skötu. Þá verður boðið upp á kaffiveitingar.

## Flateyri

### Aðventuhátíð í kirkjunni

Aðventuhátíð verður í Flateyrarkirkju sunnudaginn 7. desember kl. 11:15. Á hátíðinni verður fluttur söngur, upplestur og helgileikur fermingarbarna. Að lokinni athöfninni verður borinn fram léttur hádegisverður. Önfirðingar og nágarnar eru hvattir til þess að fjölmenna til kirkju á sunnudag (annan sunnudag í jólaföstu).

in, en það á einnig að fjölga kennslustundum. Um það er ákveðin áætlun sem við verðum að fara eftir. Fyrir fjóra yngstu bekkina á t.d. að fjölga kennslustundum úr 28 stundum og þrep af þrepi upp í 37 stundir þegar skólarnir eiga að verða orðnir einsetnir.

Staðan er þannig að sá vinnutími sem kennarar og nemendur í skólanum eiga að vinna frá kl. 8-17, dugir okkur ekki lengur. Í vetur lentum við í verulegum vandræðum vegna þessa og hlutirnir gengu reyndar ekki alveg upp. Fyrirkomulagið er þannig að nemandur verða að borða í kennslustundum og það skerðir auðvitað þann tíma sem við höfum til kennslu. Það var talað um hér ádan að það þyrfti sex kennslustofur til að leysa þetta vandamál, en það vantar

hinir almennu borgarar, hefðum ekki vit á þessum málum og að þau sem eru í sveitarstjórninni hefðu mesta vitið á þessu. Við hinir almennu borgarar, eigum bara ekkert að fá að ræða þennan valkost. Þess vegna langar mig til að vita hvort við megum almennt tala um valkost eitt. Ég skil ekki hvers vegna lá svo á í gær að kasta þessu út af borðinu. Mitt mat er það að offorsið sem þarna er á ferðinni og forræðishyggja sexmenninganna sé í anda þess sem verið er að leggja niður í ráðstjórnarríkjunum. Getum við ekki leyft fólkinu að tala um þessa hluti? Hvað voruð þið þessir sexmenningar hræddir við? Af hverju máttum við ekki koma á þennan fund og greina frá skoðunum okkar í þessu máli?," sagði

um húsnæðismálin vegna þess að henni hafi fundist umræðan ómálefnaleg. „Þegar hinsvegar umræðan er orðin svo ómálefnaleg að hagsmunum bama, sem ég ber ábyrgð á og á að tryggja vellíðan þeirra, er stefnt í voða, þá finnst mér rétt að styðja mál skólafjöra um nauðsyn úrlausnar þessara mála.“

Sigrún fullyrta að enginn væri að hugsa um hagsmuni barnanna, nema skólafjórinn og starfshópurinn sem skipaður var til að skoða lausnir í húsnæðismálum Grunnskóla Ísafjarðar. Í umræðunni hafi menn gleymt málefnum og lagt áherslu á eitthvað allt annað, sem kæmi málefnum ekkert við. Hún hvatti bæjaryfirvöld til að virkja einstaklinginn við ákvarðanatöku í stað þess að beita valdniðslu og til að hlusta á vilja foreldra, því þeir einir kynnu að meta þarfir barna sinna.

„Mér finnst staða þessara mála mjög sorgleg. Valkostur eitt er að mínu mati það sem væri börnunum fyrir bestu, vegna þess að þau verða skattgreiðendur framtíðarinnar og munu bera lántökuþyngslin, en ekki þeir sem verða farnir. Það hefur verið spáð 25% fækkun fólks á Vestfjörðum á næstu 10 árum. Af hverju? Hefur gæfuleysi okkar sjálfrá í ýmsum málefnum eitthvað með það að gera? Við verðum að halda okkur við efnið sem er hvað börnunum okkar er fyrir bestu. Það eykur menntun og gæði hennar og ekkert annað skiptir máli," sagði Sigrún Gerða.

### Fer Kristján Þór að vinna í Sundlaug Flateyrar?

Sigurður Hafberg gagnrýndi bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins og taldi hann sýna flokksfélögum sínum ókurt-eisi.

„Við framsóknarmenn höldum aðalfund á mánudaginn þar sem ég bar fram tillögu um að Framsóknarflokkurinn boðaði til fundar með framsóknarmönnum til að ræða þessi mál eftir að málið hefði verið kynnt fyrir okkur hér í kvöld. Mér hefði fundist það lágmarks kurteisari af bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins að hann yrði við þessari ósk aðalfundarins, en hann hefur því miður ekki séð sér það fært.“ Sigurður taldi að íbúar Ísafjarðarbæjar hlytu að krefjast röksemda fyrir mismun á byggingarkostnaði skólahúsnæðis upp á fleiri hundruð milljónir króna og taldi það liggja í augum uppi að sexmenningarnir ætluðu sér ekki að bjóða sig fram aftur. „Og svona rétt í lokin, af því að ég veit að Kristján Þór er nú atvinnulaus, þá vantar mig starfsmann í Sundlaug Flateyrar á morgnana, sem er mjög vel launað starf," sagði Sigurður Hafberg.

### Bæjarstjórnin hefði splundrast...

„Það hefur verið ljóst síðan



Þórunn Gestsdóttir hefur sagt upp starfi sínu sem aðstoðarmaður bæjarstjóra. Við hlið hennar sitja Magnea Guðmundsdóttir, sem nú hættil sem forseti bæjarstjórnar, og Halldór Halldórsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga.

í haust að um Norðurtangann næðist ekkert samkomulag, hvorki meðal bæjarbúa eða meirihluta bæjarstjórnar. Það staða hefur ríkt í þrjá mánuði og ekkert hefur gerst. Við er-

um enn á þessum fundi, föst í Norðurtangamálinu. Það er mín afstaða að slá þurfi Norðurtangann út af borðinu til að hægt sé að fara að vinna að skólamálanum af fullum

krafti," sagði Kristinn Jón Jónsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins. Hann fullyrta að bæjarstjórnin hefði splundrast þótt kaup Norðurtangans hefðu verið samþykkt.

## er haldinn í Stjórnsýsluhúsinu

# grýndir fyrir vinnubrögð

einnig stofur fyrir t.d. sérkennslu. Þetta er svona gróf skilgreining á því sem bregðast þarf við fyrir næsta vetur til þess að leysa þessi mál. Ég ætla ekki að blanda mér í þær deilur sem uppi hafa verið, en ég vona innilega að það takist sátt um góða lausn. Ákveðnar línur hafa verið lagðar og framtíðin verður að skera úr um það hvernig þessum málum verður háttað, en það er mjög mikilvægt að ekki verði gripið til bráðabirgðalausna sem verða til frambúðar. Við þekkjum það allt of vel héðan frá Ísafirði og víðar, að bráðabirgðaráðstafanir freista okkar í erfiðri fjárhagsstöðu, sem verða svo til áfram. Ef þið gangið um húsnæði grunnskólans í dag og skoðið skipulagið, hvernig ein hugmyndin um úrlausn hefur tekið við af annarri og málin gjarnan ekki kláruð, þá blasir við sú sorgarsaga sem starfsfólk og nemendur grunnskólans hafa þurft að búa við um alllangt skeið og ég vona að þeirri sorgarsögu ljúki sem allra fyrst," sagði Kristinn Breiðfjörð.

### Hvað voru sexmenningarnir hræddir við?

Eiríkur Finnur Greipsson sagðist ekki skilja umræðuna um húsnæðismál Grunnskólans. „Ég skildi hana þó að ákveðnu marki þegar ég heyrði í Smára Haraldssyni í útvarpinu í gær. Hann taldi nauðsynlegt að slá umræðuna um Norðurtangann út af borðinu strax, vegna þess að við,

Eiríkur Finnur m.a., og kallaði eftir útskýringum sexmenninganna.

Jón Reynir Sigurvinsson, sem tók þátt í vinnu starfshóps um húsnæðismál Grunnskólans, var kynntur af Kristjáni Haraldssyni, fundarstjóra, sem Guðfinnsson. Jón Reynir tók það ekki óstínt upp, en taldi það vera orðinn plagsið meðal sjálfstæðismanna að fara rangt með nöfn. Jón Reynir sagði síðan:

„Eiríkur Finnur spurði hvort ræða mætti tillögu eitt. Ég velti þeirri spurningu reyndar fyrir mér líka og mér datt í hug að þegar við höfum rætt um tillögu eitt, þá höfum við nefnt Norðurtangahúsið Sundstræti númer 42. Það hvarflaði að mér í dag og í gær, hvort við ættum kannski að kalla þetta Hitt húsið. Það virðist nefnilega kveikja í svo mörgum ef Norðurtanginn er nefndur á nafn og menn verða svo vanstilltir. Ég legg því til að hérna á fundinum tölum við um Hitt húsið," sagði Jón Reynir sem las síðan síðareglur Lionsmanna sem hann taldi holla lesningu fyrir þá sem efuðust um heilindi starfshópsins og starfsmanns hans, Rúnars Vífilssonar.

### Enginn hugsar um hagsmuni barnanna

Sigrún Gerða Gísladóttir er starfandi skólahjúkrunarfræðingur við Grunnskóla Ísafjarðar og er menntaður heilbrigðisfulltrúi. Hún sagðist ekki fyrir hafa fundið sig knúna til þess að blanda sér í umræðuna

## Tryggvi Guðmundsson, formaður Golfklúbbs Ísafjarðar skrifar

# Styðjum Auðunn!

Golfípróttin er tiltululega ung íþróttgrein hér á Vestfjörðum og við höfum ekki enn eignast keppnismenn í golfi í allra fremstu röð á landinu. Okkar efnilegasti golfleikari í dag er Auðunn Einarsson, sem er 22 ára Ísafirðingur og keppir fyrir Golfklúbb Ísafjarðar.

Auðunn er bæði hæfileikaríkur og metnaðargjarn íþróttamaður eins og hann á ætt til. Hann er nú á förum til fjarlægs lands um þriggja mánaða skeið þar sem hann mun æfa golfíþróttina undir leiðsögn golfkennara. Markmið hans er að verða einn af bestu golfmönnum landsins og er þessi ferð liður að því markmiði.

Þar sem þetta ferðalag er dýrt og Auðunn hefur enga fjársterka aðila á bak við sig er honum nauðsyn á að fá einhverja fjárhagsaðstoð. Ég vil fyrir hönd Golfklúbbs Ísafjarðar biðja alla, sem vilja styðja framgang þessarar skemmtilegu og hollu íþróttar í sinni heimabyggð, að leggja eitthvað af mörkum til að styðja við bakið á piltinum. Það þarf ekki að koma mikið frá hverjum og einum. Ef 2.000 til 5.000 krónur koma frá hverjum stuðningsmanni, getur það ráðið úrslitum um að Auðunn geti fjármagnað þessa ferð. Golfklúbbur Ísafjarðar hefur opnað reikn-



Auðunn Einarsson.

ing í Íslandsbanka, Ísafirði, nr. 1700 (banki 556, hb. 26, nr. 1700), þar sem stuðningsmenn geta lagt inn framlög sín. Undirritaður tekur einnig við framlögum á

skrifstofu sinni að Hafnarstræti 1, Ísafirði. Með fyrirfram þökk, Tryggvi Guðmundsson, formaður G.Í.







# Þaði og Bæjarins bestu...

**Guðni Guðnason, fyrrverandi landsliðsmaður og núverandi þjálfari KFÍ í samtali við Bæjarins besta**

„Já, það var í Murcia á Spáni síðast þegar ég lék með landsliðinu. Þá vorum við í riðli meðal annars með Rúmeníu, Króatíu, Grikklandi og Þýskalandi. Einn rúmensku leikmannanna, Georg Murhezan, sat til borðs með mér, en hann er það stór að hann getur ekki með góðu móti notað venjuleg borð og stóla eða önnur húsgögn. Hann passar eiginlega ekki inn í þennan heim. Það er eins og við værum að nota húsgögn í leikskóla. Hann getur heldur ekki notað venjulega bíla.

Í mótinu lék ég líka á móti þessum manni. Hann spilar núna í NBA-deildinni fyrir vestan. Ég gæti nefnt ýmsa af bestu körfuboltamönnum Evrópu, sem ég hef leikið á móti, eins og Kukoc, Radja og Petrovic, besta mann Króata, sem síðar lést í bílslysi. Það var ákaflega gaman að fá að etja kappi við þessa menn. Úrslitin í leikjunum voru kannski ekki alveg eins góð. Í þessu móti urðum við meðal annars að þola stærsta tap íslensks landsliðs í körfubolta frá upphafi.“

– Er það ekki komið út í öfgar þegar leikmenn eru

komnir vel á þriðja metra á hæð? Ekki virðist mikilli snerpu eða hlaupagetu fyrir að fara...

„Það er eitthvað til í því. Þessi umræddi leikmaður átti greinilega mjög erfitt með að hreyfa sig og var með ákaflega slæm hné. En hann var mjög kátur og hress og skemmtilegur.“

## Íþróttahúsið á Ísafirði

– Íþróttahúsið hér á Ísafirði er stundum kallað Ísjakinn eða bara Jakinn. Hvernig er stemningin á leikjunum hjá ykkur?

„Hún er ágæt. Það er ólýsanlegt að hafa alltaf fimm til sex hundruð manns á hverjum leik og allir að hvetja liðið, syngjandi og með trommur. Þetta er mjög skemmtilegt.“

– Er þetta gott hús?

„Já, það er mjög gott. Sérstaklega er gólfíð mjög gott. Ég gæti varla verið að æfa nema vegna þess hvað gólfíð er mjúkt. Hnén á mér eru orðin það slæm.“

– Hafa þau farið illa af

körfuboltanum?

„Já, þau eru orðin ansi slitin. Ég er mjög hjólbeinóttur frá náttúrunnar hendi og þess vegna er álagið á hnén ekki alveg rétt. Á mínum yngri árum hoppaði ég mjög hátt og þá var álagið enn meira. Hnén eru orðin dálítið þreytt og þess vegna heimsæki ég Veigu þrisvar í viku.“

– Veigu?

„Hún er sjúkrapjálfari.“

## Ef ég mætti velja aftur...

– Er kannski ástæða til þess að vara menn við því að fara út í körfubolta vegna hugsanlegrar skaðsemi fyrir hnén?

„Nei, það held ég ekki. Og ef ég mætti velja aftur, þá mundi ég gera nákvæmlega það sama. Jafnvel þótt ég vissi að það kostaði óþægindi í hnánum. Þetta er svo skemmtilegt og gefur manni svo mikið. Íþróttir gera vissulega gott. Hins vegar má alltaf deila um það, hversu hollar keppnisíþróttir eru þegar út í fulla hörku er komið.“

– Hvemig ætli afkoman sé

hjá körfuboltanum hér?

„Þetta sleppur nánast. Áhorfendur eru margir og góður stuðningur frá fyrirtækjum. Það er nauðsynlegt til að endar nái saman. Þetta er dýr rekstur. Hver útileikur kostar hundrað þúsund kall. Síðan erum við með tvo erlenda leikmenn. Það kostar peninga að ná árangri, en árangur skilar líka peningum. Eins og einhver sagði: Það kostar peninga að búa til peninga. Út á það gengur þetta.“

## „Bæjarins bestu“ við íþróttahúsið?

– Þér hefur ekki dottið í hug að setja upp pylsuvagn fyrir utan íþróttahúsið til að afla fjár...

„Nei. Þessu hefur vissulega verið skotið að mér. En það þarf ákveðinn fjölda af viðskiptavinum til að það gangi. Einn af stjórnarmönnum KFÍ vildi ólmur kaupa einhvern pylsuvagn sem var til sölu úti í Bolungarvík, en það hefur ekkert orðið úr því.“

– Annar ónefndur stjórnarmaður í KFÍ, kenndur við Hamraborg, hefur væntanlega ekki verið mjög hrifinn af þeirri hugmynd...

„Við Gísli höfum sýnt fram á nokkrar tölur í þessu sambandi. Það er ósköp lítið sem svona vagn gæti gefið af sér hér en mundi aftur á móti kosta mikla vinnu og fyrirhöfn. Það er einfaldlega svo fátt fólk hérna.“

## Yngri leikmenn og landsliðið

– Þú vilt kannski ekki nefna nein nöfn sérlega efnilegra yngri leikmanna hér á Ísafirði sem senn fara að berja á dyrnar á meistaraflokknum...

„Það eru nokkrir mjög efnilegir í drengjaflokknum og sumir hverjir byrjaðir að æfa hjá mér. Þetta eru strákar sem geta orðið mjög framþærligir og jafnvel mjög góðir leikmenn ef þeir verða nógu duglegir að æfa. Þeir hafa hæfileika. Ég get kannski nefnt sérstaklega hávaxinn pilt frá Súðavík sem heitir

Arnar.“

– Nú er leikmaður úr KFÍ, Friðrik Stefánsson, kominn í landsliðið. Það hefur ekki gerst áður...

„Nei. Hann lék sinn fyrsta landsleik við Hollendinga í síðustu viku og stóð sig alveg ljómandi vel.“


– Eru fleiri úr KFÍ á þröskuldi landsliðsins?

„Já. Ég held að Ólafur Ormsson sé ekki langt frá því. Hann var valinn í tuttugu manna hóp um daginn. Hann á alveg heima í landsliðshópnum en hefur bara spilað svo lítið síðustu misserin.“

– Nú tapaðist leikurinn við Hollendinga, mjög naumlega þó, og fjórir leikir framundan í riðlinum, þar af aðeins einn heimaleikur. Er ekki mjög á brattann að sækja hjá íslenska landsliðinu á næstunni?

„Jú. Það var afrek út af fyrir sig að komast inn í þessa keppni. Við höfum aldrei náð því áður að vera á meðal 32 bestu. Það er út af fyrir sig góður árangur að vinna leik í þessum riðli. Alþjóðlegi körfuboltinn er það sterkur.

# Bæjarstjóri og sviðsstjórnar hafa sagt upp störfum



Við getum naumast látið okkur dreyma um að vinna leik gegn Litháen eða Króatíu eða Bosníu-Herzegóvínu. Möguleikar okkar eru helst gegn Eistlandi. En landsliðið okkar núna er það sterkasta sem við höfum átt lengi.“

## Ameríski körfuboltinn

– Nú er mikið horft á ameríska körfuboltann hér á Íslandi. Manni virðist hann vera allt öðruvísi og reglurnar allt aðrar...“

„Það er kannski ekki rétt að segja að reglurnar séu allt öðruvísi, en áherslurnar eru aðrar.“

–Eru þær áherslur að þínum dómi betri en þær sem tíðkast í Evrópu? Verður körfuboltinn hér eins og ameríski boltinn áður en langt um líður?

„Þetta er að færast hvort að öðru. Það er áætlun í gangi hjá FIBA (Körfuknattleiksambandi Evrópu) og NBA um að samræma reglurnar. Helsti munurinn er að það er leyfð meiri harka í NBA-boltanum. Leikmenn þar eru

einnig líkamlega sterkari. Reglurnar eru aftur á móti í raun og veru þær sömu. Í NBA er þriggja stiga línar lengra í burtu, teigurinn öðruvísi og þess háttar smáatriði.“

## Niðurlag

Við Guðni þjálfari höfum farið úr einu í annað í spjalli okkar. Upp á svalirnar í Jakanum berast hróp og köll neðan úr salnum, þar sem Zeljko Sankovic er að þjálf knattspyrnumenn framtíðarinnar á Ísafirði. Og ummæli Guðna um tengslin milli árangurs í íþróttum og námi vekja hjá undirrituðum ljúfar minningar og söknandi blandnar um unga sundfólkið í Vestra, sem hann kenndi í Menntaskólanum á Ísafirði fyrir tíu-tólf árum. Þar varekki aðeins um að ræða afreksfólk í sundi sem fór á fætur til æfinga fyrir allar aldir á morgnana áður en haldið var í skólann, heldur var ástundun og samvirkusemi í námi og raunar allur lífsstíllinn til sérstakrar fyrirmyndar.

Hlynur Þór Magnússon.

Nú er liðin rétt vika frá hinum afdrifaríka bæjarstjórnarfundum í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar sem leiddi til falls meirihluta Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Síðan hafa hlutirnir gerst hratt, en upphafið má rekja til þriðjudags í síðustu viku þegar sex bæjarstjórnarmenn, Sigurður R. Ólafsson, Jónas Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Kristinn Jón Jónsson, Kristján Freyr Halldórsson og Smári Haraldsson, fóru fram á aukafund í bæjarstjórn daginn eftir, þar sem sexmenningarnir samþykktu tillögu Sigurðar R. Ólafssonar um að kaupum á Norðurtangahúsunum yrði hafnað. Á fundinum var samþykkt tillaga sexmenninganna auk Guðrúnar Á Stefánsdóttur, um að skipaður yrði starfshópur fimm bæjarfulltrúa, einum frá hverjum lista, og skyldu fulltrúar koma tilnefningum á framfæri í síðasta lagi 1. desember.

Þá var og samþykkt svohljóðandi tillaga Kolbrúnar Halldórsdóttur.

„a) Leitað verði eftir leiguhúsnæði til bráðabirgða til að mæta þeim skorti á kennsluhúsnæði sem fyrirsjáanlegur er á næsta ári, þar til nýbygging verði tekin í notkun. b) Kannað verði hvort ekki sé hagstæðara að byggja við Skólagoðu - Austurveg og uppfylla lóðamál skólans með uppkaupum á Aðalstræti 32 og loka Austurvegi fyrir umferð við Aðalstræti.

Verði b-liður ekki fær: c) Starfshópi verði falið að hefja viðræður við forystu ÍBÍ um flutning á knattspymuvöllunum á Torfnesi á ný svæði í Tungudal, samkvæmt aðalskipulagi. d) Umhverfisnefnd verði falið að láta gera deiliskipulag af Torfnessvæðinu, þar sem gert verði ráð fyrir

skólabyggingu, sundlaug og jafnvel leikskóla í tengslum við skólann. e) Framkvæmd verði samkeppni um alútboð á skólabyggingu fyrir efstu bekk Grunnskólans, með möguleika á stækkun, verði það talinn kostur síðar meir að flytja allan grunnskólann á einn stað. f) Samkeppnin liggja fyrir í mars-apríl 1998. Stefnt skal að því að húsnæðið verði tilbúið skólaárið 2000-2001. g) Þessum framkvæmdum verði mætt með framlögum úr bæjarsjóði og lántökum, þar sem leitað verði tilboða í fjármögnun á heildarkostnaði framkvæmdarinnar.“

## Valdniðsla og ófagleg umfjöllun

Á bæjarstjórnarfundinum lagði Þorsteinn Jóhannesson fram bókun þar sem hann lýsti furðu sinni og jafnframt vonbrigðum með framkomu sexmenninganna, „vegna þess gönuhlaups að fara fram á aukafund í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Vitandi það að almennur kynningarfundur með íbúum Ísafjarðarbæjar hefur verið boðaður á morgun fimmtudaginn 27. nóvember, leyfa ofantildir bæjarfulltrúar sér þvílíka valdniðslu, að keyra þetta mál í gegn í bæjarstjórn án þess að það hafi fengið þar faglega umfjöllun.“ „Þessi framkoma er ofantöldum bæjarfulltrúum til vansa. Þetta hlýtur að skoðast sem blaut tuska framan í andlit kjósenda, já, framan í nemendum og starfsfólk Grunnskóla Ísafjarðar, sem vissulega munu ekki gleyma slíkri framkomu í nútíð og framtíð.“

Kristján Freyr Halldórsson lagði á fundinum fram tillögu um að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti að fresta



Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri tilkynnir blaðamönnum uppsögn sína.

afgreiðslu húsnæðismála Grunnskóla Ísafjarðar til næsta bæjarstjórnarfundar, en tillagan var felld með sex atkvæðum gegn fimm.

Eftir fundinn lýstu oddvitar meirihlutflokkanna því yfir í fjölmiðlum að meirihlutinn væri ekki sprunginn. Annað kom þó í ljós daginn eftir þegar þrjú bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Þorsteinn Jóhannesson, Magnea Guðmundsdóttir og Halldór Jónsson, boðuðu til blaðamannafundar þar sem þau tilkynntu endalok meirihlutans.

„Við undirritaðir bæjarfulltrúar af D-lista Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar teljum að á fundi bæjarstjórnar í gærkvöldi hafi myndast nýr meirihluti í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Samþykktir meirihlutans ganga þvert gegn samþykkt fulltrúaráráðsfundar sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ sem og sannfæringu okkar í þessu máli. Við lýsum allri ábyrgð á þessum samþykktum á hendur hinum nýja meirihluta og teljum mikilvægt að hann taki þegar í stað á sig framkvæmd þeirra tillagna sem knúnar voru í gegn með valdniðslu á umræddum fundi.“

Svo hljóðar upphaf bréfs sem bæjarfulltrúarnir þrjú

sendu Sigurði R. Ólafssyni, bæjarfulltrúa Alþýðuflokksins á fimmtudaginn. Á blaðamannafundinum greindu þeir frá innihaldi bréfs síns til Sigurðar og lýstu skoðunum sínum á málinu í heild. Þeir telja að dæmin sanni að ákvarðanir í stórum hagsmunamálum, sem teknar hafi verið á tilfinningarótum, hafi reynst bæjarfélaginu dyrkeyptar. Þær valdi því að framkvæmdafé bæjarins hafi verið ráðstafað að stórum hluta langt fram í tímann. Það alvarlegasta í stöðunni sé að nú er ekki aðeins tekið á um fjármál bæjarins, heldur framtíðaruppbyggingu grunnskóla sveitarfélagsins. Með því sé vegið að einum af hornsteinum framtíðar sem hvert samfélag byggir á.

## Skuldir bæjarsjóðs aukast um 500 milljónir króna

Á blaðamannafundinum greindi Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, frá því að hann hefði fyrir um daginn, í bréfi til Þorsteins Jóhannessonar formanns bæjarráðs, sagt upp starfi sínu og jafnframt óskað eftir lausn frá störfum sem fyrst. Hann tilgreindi síðan ástæður fyrir uppsögninni.

## Ísafjörður

# Nýr kór Framhaldsskóla Vestfjarða heldur aðventutónleika

Aðventutónleikar verða haldnir í Ísafjarðarkirkju í kvöld, 3. desember, kl. 20:30. Þar kemur í fyrsta skipti fram opinberlega, kór Framhaldsskóla Vestfjarða sem starfað hefur í tvo mánuði. Í kórnum eru 27 af nem-

endum skólans. Þrettán einsöngvarar koma fram og eru þeir flestir að spreya sig í fyrsta skipti, auk þess sem þrjú kórfélaga leika á fiðlu, flautu og selló.

Stjórnandi kórsins er Guðrún Jónsdóttir og meðleikarar

á hljóðfæri eru þau Sigríður Ragnarsdóttir og Jónas Tómasson.

Aðgangur á tónleikana er ókeypis og vonandi sjá sem flestir sér fært að koma og hlýða á fjölbreytta jóladagskrá í upphafi adventu.



Kór Framhaldsskóla Vestfjarða ásamt Guðrúnu Jónsdóttur og Sigríði Ragnarsdóttur.



# Harðir Rolling Stones áhugamenn sinna áhugamálinu

Áhugamál fólks eru mörg og misjöfn. Sumir veiða lax, aðrir rjúpu, gæs og aðra fugla, enn aðrir spila golf, að ögleymdum öllum boltamönnunum. Á Ísafirði eins og víðar eru áhugasamir menn um rokktonlist. Svipað og í íþróttum halda menn með sínu liði. Nokkrir áhugamenn um frægustu og mestu rokkhljómsveit sem uppi hefur verið komu saman á veitingastaðnum Á Eyrinni á föstudagskvöld til þess að sinna áhugamáli sínu. Karlar voru í áberandi meirihluta, en nokkrar konur voru í hópnum. Forgöngu- maður hópsins, Guðmundur Niélsson, málaramaestari, hafði tekið saman myndband sem tók til sögu sveitarinnar frá upphafi fram undir 1990 og sýndi viðstöddum. Að því loknu tók við smá yfirferð um þau lög sem nú eru leikin á

tónleikum í ferð sveitarinnar um Bandaríkin og Kanada undir heitinu „Bridges to Babylon“. Var þar stuðst við upptökur af hljótleikum, bæði af myndböndum og plötum. Einn viðstadda, Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Ísafirði, sótti einmitt tónleika sveitarinnar í Philadelphia í nýliðnum október. En hæst bar flutningur þeirra Kristins Niélssonar á fiðlu og Sigurðar Friðriks Lúðvíkssonar á nokkrum lögum hljómsveitarinnar, Country Honk, sem kom út á plötunni Let it Bleed í árslok 1969. Þar er um að ræða sveitartónlistarútgáfu af Honky Tonk Women, einu þekktasta lagi Rolling Stones. Þeir sungu einnig Ruby Tuesday, Last Time, Street Fighting Man og Jumping Jack Flash, auk þess að flytja aukalag, Honky Tonk Women.



„Ruby Tuesday who could hang a name on you“. Skipuleggjandi kvöldsins, Guðmundur Niélsson, málaramaestari, skemmti sér konunglega á föstudagskvöld.

Tóku viðstaddir vel undir og fögnuðu þeim félögum gríðarlega, enda var flutningur þeirra til fyrirmyndar. Létt var yfir skemmtuninni og samdóma álit að hún hefði verið vel til fundin. Reyndar heyrðust raddir um að rétt væri að fjölmenna á tónleika Rolling Stones í Evrópu á næsta sumri. Ljósmyndari blaðsins kom við á Stoneskvöldinu og tók meðfylgjandi myndir.



Rolling Stones aðdáandi nr. 1 á Íslandi, Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Ísafirði, var í góðum „filing“ á Stones-kvöldinu eins og sjá má. Á myndinni er einnig Öundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði.



Góður rómur var gerður að spili og söng þeirra félaga Kristins Niélssonar á fiðlu og Sigurðar Friðriks Lúðvíkssonar á gítar, en þeir tóku nokkur lög Stones fyrir viðstadda.



Þessir fjórir létu sig ekki vanta á Stones-kvöldið. Frá vinstri: Tryggvi Guðmundsson, lögfræðingur, Hermann Hákonarson, verslunarmaður, Sigmundur Annasson, húsnámsmálaráðgjafi og Samúel Einarsson, hárskeri og tónlistarmaður.



Þátttakendur í mótinu ásamt forsvarsmönnum þess hjá BÍ.

## Íþróttahúsið á Torfnesi á Ísafirði

### Fjölmennt knattspyrnumót

Um síðustu helgi fór fram eitt fjölmennasta knattspyrnumót sem haldið hefur verið á vegum Boltafélags Ísafjarðar. Rúmlega 250 drengir og stúlkur á aldrinum 5-13 ára

tóku þátt í mótinu og komu þau frá flestum byggðarlögum á norðanverðum Vestfjörðum. Góð stemmning var hjá krökkunum þrátt fyrir að ekki hafi verið keppt um verðlaunasæti, en allir fengu þó

viðurkenningu fyrir þátttöku. Tvö slík mót voru haldin síðasta vetur og er ráðgert að gera mót sem þetta að föstum lið í starfsemi félagsins í framtíðinni.



**Borðstofuborð  
í miklu úrvali  
Verð kr. 84.900.- stgr.**

**Tilboð á Jensen  
sýningardýnum**

**Opið  
laugardag  
kl. 10-16**

**Euro og Visa  
raðgreiðslur**



SÍMI 456 4566 • SKEIÐI 1 • 400 ÍSAFJÖRÐUR



# Kíddý nærföt -þau bestu-

**Toppar**  
**Stakír bolir**  
**Nærfatasett**  
**Stakar buxur**



**Við seljum aðeins  
vönduð nærföt**



Ljóninn, Skeiði, sími 456 4070

**Gullfallegar**  
**ullarpeysur**  
**fyrir herra**  
**og dómur**

**Verð frá**  
**kr. 7.890.-**

**JÓN**  
**GUNNA**

Ljóninu, Skeiði, Ísafirði, sími 456 3464







# Krúsin

## MINNUM Á

FRÁBÆRAN DESEMBER JÓLAMÁNUÐ  
JÓLASTEIKARHLAÐBORD ÖLL LAUGARDAGSKVÖLD  
TIL JÓLA

**Baldur og Margrét**  
skemmta laugardagskvöld



STAFÁN HILMARSSON  
6. DES



HELGI BJÖRNSSON  
13. DES



PÁLL ÓSKAR  
20. DES

VINSÆLUSTU SÖNGVARAR ÍSLANDS SKEMMTA MATARGESTUM  
Á RÓLEGU OG ÞÆGILEGU NÓTUNUM. FRÁBÆR MATUR. VINSÆLUSTU  
SÖNGVARARNIR OG SKEMMTILEGIR DANSLEIKIR. VERÐ KR. 3.000  
MIÐA- OG BORDAPANTANIR Í SÍMA 456- 3985



**Diskótek**  
föstudags- og  
laugardagskvöld  
18 ár

**Ísafjarðarbió**  
**Sjáið**  
**Mel Gibsson**  
**í essinu sínu!**  
**Sýningar:**  
**Fimmtudag, sunnudag**  
**og mánudag kl. 21**



## ÍSAFJARÐARBÆR

### ÍPRÓTTAHÚSIÐ TORFNESI OG VIÐ AUSTURVEG

Nokkrir badminton vellir eru lausir  
þriðjudaga kl. 21:00 og fimmtudaga kl.  
19:40. Einnig lausir tímar í íþróttahúsinu  
við Austurveg.  
Hafið samband við starfsmenn húsanna.

### ÍPRÓTTAHÚSIÐ TORFNESI

Starfsmann vantar. Starfsvettvangur er  
m.a. sá að hafa umsjón með búnings- og  
baðaðstöðu kvenna.  
Upplýsingar veitir Björn Helgason,  
íþrótt- og æskulýðsfulltrúi í síma 456  
3722.

### SUNDHÖLL ÍSAFJARÐAR

Starfsmann vantar. Starfsvettvangur er  
m.a. sá að hafa umsjón með búnings- og  
baðaðstöðu kvenna.  
Upplýsingar veitir Björn Helgason,  
íþrótt- og æskulýðsfulltrúi í síma 456  
3722.

## Auglýsendur ath!

Aðeins tvö tölublöð af BB eiga eftir að  
koma út það sem eftir er af þessu ári. Því er  
vissara að panta auglýsingapláss tímanlega.

Næsta tölublað kemur út miðvikudaginn  
10. desember og síðasta tölublað ársins  
kemur út föstudaginn 19. desember.

Hafið samband við Sigurjón í síma 456 4560.

#### Klængur sniðugi

Leikstjóri er Inga Lís Middleton  
18.05 Dýrin tala (12:39)

Endursýning.

18.25 Fimm frækin (12:13)

18.50 Hvutti (13:17)

19.20 Króm

19.40 Jóladaatal Sjóvarpsins

Endursýning.

19.50 Veður

20.00 Fréttir

20.35 Lottó

20.50 Stöðvarvík

21.25 Veröld Garps

23.45 Frankie og Johnny

01.35 Útvarpsfréttir

01.45 Skjáleikur og dagskrárlök

#### SUNNUDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna

Sunnudagaskólinn (70)

10.40 Skjáleikur

12.00 Markaregn

13.00 Vinsældalistinn

14.00 Sending frá Mars

15.00 Þrjú-bíó

Ævintýri Vilhjálms Tells

16.35 Húsdýr í Noregi (5+6:6)

17.00 Ungir Íslendingar 10 árum  
síðar

17.50 Táknálsfréttir

18.00 Jóladaatal Sjóvarpsins

Klængur sniðugi

18.05 Stundin okkar

18.35 Hvað er í matinn?

18.50 Geimstöðin (4:26)

19.40 Jóladaatal Sjóvarpsins

19.50 Veður

20.00 Fréttir

20.30 Sunnudagsleikhúsið

Að vara

20.55 Friðlýst svæði og náttúru-  
minjar

Sumardagur við Snæfell

21.15 Óskalög Andreu Gylfa

22.00 Helgarsportíð

22.20 María kvödd

23.50 Markaregn

00.50 Útvarpsfréttir

01.00 Skjáleikur og dagskrárlök



#### TV-SPORT



Miðvikudagur 3. des. kl. 17:55

**Danmörk - Ísrael**

**EM í körfuknattleik**

Laugardagur 6. des. kl. 11:10

**Liverpool - Manchester Utd.**

Laugardagur 6. des. kl. 18:25

**Ajax - Roda**

Sunnudagur 7. des. kl. 16:55

**Willem II - P.S.V. Eindhoven**

Mánudagur 8. des. kl. 19:55

**Hnefaleikar - Keene - Montana**

Þriðjudagur 9. des. kl. 19:55

**UEFA Cup (beint)**

#### TV 3 - DANMÖRK

Miðvikudagur 3. des. kl. 18:50

**Tékkland - Danmörk**

**VM í handbolta kvenna**

Fimmtudagur 4. des. kl. 22:10

**Danmörk - Slóvenía**

**VM í handbolta kvenna**

Laugardagur 6. des. kl. 18:50

**Makedonía - Danmörk**

**VM í handbolta kvenna**

Sunnudagur 7. des. kl. 13:25

**Ítalski boltinn**

Miðvikudagur 10. des. kl. 19:30

**Enski boltinn (beint)**

#### TV2 - NOREGUR

Fimmtudagur 4. des. kl. 18:15  
**Bein útsending frá riðladrætti  
fyrir heimsmeistarakeppnina  
í Frakklandi**

Laugardagur 6. des. kl. 14:45

**Enski boltinn**

#### TV3- SVÍÐJÓÐ

Sunnudagur 7. des. kl. 13:00

**Ítalski boltinn**

Miðvikudagur 10. des. kl. 19:00

**Bayern Munchen - IFK Göteborg**

#### TV3 - NOREGUR

Sunnudagur 7. des. kl. 13:15

**Ítalski boltinn**

Miðvikudagur 10. des. kl. 19:00

**Olympiakos - Rosenborg**

Miðvikudagur 10. des. kl. 21:30

**Juventus - Manchester Utd.**

#### CANAL+ DANMÖRK

Föstudagur 5. des. kl. 18:55

**Kaiserslautern - Bayern Munchen**

Laugardagur 6. des. kl. 14:25

**Bayern Leverkusen - Schalke 04**



## 50 ára

Sævar Gestsson, Sunnu-  
holti 3, Ísafirði verður 50 ára  
laugardaginn 6. des.

Hann og eiginkona hans,  
Ragna Arnaldsdóttir taka á  
móti vinum og vandamönnum  
á heimili sínum eftir kl.  
20 á afmælisdaginn.



## 50 ára

Sunnudaginn 7. des. nk.,  
verður Finnbogi Bernósd-  
sson, Holtabrún 21 í Bolung-  
arvík, fimmtugur.

Af því tilefni tekur hann á  
móti gestum í Víkurbae (fé-  
lagsheimilinu Bolungarvík)  
á afmælisdaginn frá kl. 17:00.



**Horfur á fimmtudag  
föstudag og laugardag:**

Vestanátt, nokkuð  
hvöss á föstudag  
og laugardag.



Úrval  
jólagjafa!  
Komdu og  
skoðaðu

KRISMA  
Ljómnu Skóti  
Sími 456 4414

# Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprint@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Úrval  
jólagjafa!  
Komdu og  
skoðaðu

KRISMA  
Ljómnu Skóti  
Sími 456 4414

## Slökkvilið Bolungarvíkur

# Tekur í notkun nýtt húsnæði

Á föstudaginn tók slökkvilið Bolungarvíkur í notkun nýtt og glæsilegt húsnæði og var boðið til víglsuhófs af því tilefni. Nýja húsnæðið er í hluta áhaldahúss Bolungarvíkurkaupstaðar og mun það gjörbreyta allri vinnuástandi slökkviliðsins, að sögn Ólafs Benediktssonar, slökkviliðsstjóra.

„Slökkviliðið er að fara úr 100 fermetra húsnæði í þennan 250 fermetra sal, en vinnuástandan á gamla staðnum var orðin gjörsamlega óviðunandi. Hér munum við hafa gott rými til að sinna viðhaldi

tækjabúnaðar, auk þess sem við samnýtum kaffistofu og hreinlætisaðstöðu með starfsmönnum áhaldahússins. Fræðsla og námskeiðahald er sífellt að aukast og aðstaða til þess er nú orðin allt önnur en var,“ sagði Ólafur í samtali við blaðið.

Slökkvibúnaður í Bolungarvík er nánast allur gamall, en þar á meðal er Bedford dælubíll frá árinu 1962 og Benz dælubíll frá árinu 1966. Nýlega var þó keyptur nýr vatnsbíll sem gjörbreytir aðstæðum, því gamli bíllinn var nánast ónýtur að sögn Ólafs.



Slökkviliðsstjórar og varslökkviliðsstjórar í Bolungarvík, fyrrverandi og núverandi. F.v. Ólafur Benediktsson, Ketill Elíasson, Benedikt Bjarnason, Egill Benediktsson, Jón Sveinsson og Jón Guðbjartsson.

Hann segir tímabært að endurnýja annan búnað, en það sé dýrt og óvíst hvenær svigrúm skapaðist til þess.

Útköll hjá Slökkviliði Bolungarvíkur voru 18 á síðasta ári, en þar af voru alútköll vegna elds í fjórum tilfellum.

Skipaðir slökkviliðsmenn eru 19 talsins, auk slökkviliðsstjóra og tveggja varslökkviliðsstjóra. Árið 1994 var tekin upp boðun með símboðum og segir Ólafur það hafa breytt miklu um boðun slökkviliðsmanna í útköll og hafa marg-

sannað gildi sitt.

Slökkviliðið hefur farið í tvö útköll frá nýja staðnum sem stendur aðeins fyrir utan bæinn, og segir Ólafur allt hafa gengið samkvæmt áætlun og að viðbragðstími hafi verið góður.



## Óprúttirnir veltu bifreið niður í fjöru

Ökumaður bifreiðarinnar á myndinni hér til hliðar ók útaf við Brúarnesti um kl. 02 aðfaranótt laugardags. Lögregla kom á staðinn og var ökumaðurinn færður á lögreglustöð, grunaður um ölvun við akstur. Bifreiðin valt ekki við óhappið, en þegar lögreglumaður sem var á heimleið af vakt, átti leið framhjá slyssstað um kl. 06 á laugardagmorgun, höfðu einhverjir óprúttirnir tekið sig til og velt bifreiðinni út fyrir veginn.

## Bolungarvík

# Aðventuhátíð í Hólskirkju

Sunnudaginn 7. desember kl. 20:30 verður aðventukvöld í Hólskirkju í Bolungarvík.

Þar munu koma fram kirkjukór Bolungarvíkur, kór Suðureyrarkirkju og Kvennakórinn í Bolungarvík. Stjórnendur og undirleikarar eru þær Guðrún Bjarnveig Magnúsdóttir og Margrét Gunnarsdóttir.

Á aðventuhátíðinni mun Sigrún Sigurðardóttir flytja hugvekju og ungmenni verða með helgileik undir stjórn sr. Agnesar Sigurðardóttur.

Aðventukvöldin eru orðin fastur liður í jólaundirbúningi í Bolungarvík og er þetta í 32. skipti og ávallt á öðrum sunnudegi í aðventu. Allir eru velkomnir.

## Internetþjónustufyrirtæki sameinast

# Snerpa á Ísafirði yfirtekur Smartnet í Hveragerði

Internetþjónustan Smartnet í Hveragerði hefur sameinast internetþjónustunni Snerpu á Ísafirði, undir merkju Snerpu. Með sameiningunni eykst notendafjöldi Snerpu að Internetinu um rúmlega hundrað. Notendur í Hveragerði geta nú skráð sig undir svæðisnetfanginu snerpa.is og notendur á Vestfjörðum undir svæðisnetfanginu smart.is.

„Í kjölfar sameiningarinnar munum við efla tengingarnar

verulega. Á föstudaginn tvöfölduðum við samband okkar við Internetið upp í 256 kílóbit og á mánudaginn var bætt við 10 mótöldum, sem í rauninni er bráðabirgðalausn, vegna þess að Póstur og sími hefur ekki getað afgreitt allt það sem við höfum pantað. Stefnan er sú að þegar stækkunum á kerfinu verður lokið, verði hefðbundnar innhringrásir 38-40 og samnetsrásir 16,“ sagði Björn Davíðsson, hjá

Snerpu, í samtali við BB.

Notendur að Internetinu í gegnum Snerpu eru í dag um 470. Aðspurður um hvort rétt væri að stóru aðilarnir í sölu Internetþjónustu hefðu borið víurnar í Snerpu sagði Björn, að nokkrir þeirra hefðu nefnt ýmsa hluti undir rós. „Við teljum að við séum sjálfir okkur nógir í þessum efnum og höfum ekki hug á að selja á meðan rekstrargrundvöllur er fyrir hendi.“

Önnur  
áhugamál!  
til hvers?



Gefðu  
gjafabréf  
í  
jólagjöf!

Samvinnuferðir-Landsýn  
Söluskritstofa • Hafnarstræti 7  
Ísafirði • Sími 456 5390



# FULL VERSLUN AF NYTSÖMUM JÓLAGJÖFUM

## PÓLLINN HF.

Sími 456 3092 • Verslun 456 4594

ATH! NÝTT: LEIÐSKROSSAR MEÐ LJÓSLÖNGU.

TÖKUM GAMLA KROSSINN UPP Í NÝJAN!